



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



# Sólborg

2024 - 2025



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2 Innra mat Deilda .....	11
2.1 Birkistofa .....	11
2.2 Furustofa .....	11
2.3 Víðistofa .....	13
2.4 Reynistofa .....	15
3 Innra mat sérkenndu .....	18
4 Innra mat táknmálstúlks .....	21
5 Innra mat kennslustjóra ÍTM .....	24
7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	25
8 Starfspróunarsamtöl og fræðsla .....	27
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	30
10 Foreldrasamvinna .....	31
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	33
12 Fylgiskjöl .....	34



## Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn Sólborg er staðsettur við Vesturhlíð 1. Leikskólinn tók til starfa vorið 1994. Í leikskólanum eru 4 kennslustofur sem heita Birkistofa, Furustofa, Víðistofa og Reynistofa. Reynistofa er staðsett í færanlegri kennslustofu í húsi sem nefnt er Skógarhús.

Í Sólborg felst sérhæfing í að mæta þörfum heyrnarskertra og heyrnarlausra barna. Þessi sérhæfing hefur áhrif á allt starf leikskólans og fá öll börnin í Sólborg tækifæri á að kynnast máli og menningu heyrnarlausra. Sólborg sinnir ráðgjöf varðandi heyrnarskert börn í almennum leikskólum á landsvísi. Ráðgjöfin fer fram á viðkomandi leikskóla barns á höfuðborgarsvæðinu og í gegnum fjarfundabúnað fyrir landsbyggðina. Markmið ráðgjafarinnar er að veita leikskólastarfsfólki handleiðslu um umhverfi barnanna, áhersluþætti í leik og námi og hlutdeild barnsins í leikskólastarfinu.

Öll börn og starfsfólk fá nafnatákn þegar þau byrja í Sólborg og eru táknmyndir settar á hólfi barnanna með mynd og rituðu nafni. Börnin læra nafnatákn hvers annars svo og tákn fyrir ýmislegt í umhverfinu. Íslenskt táknmál er víða sýnilegt í leikskólanum, t.d. á veggspjöldum, leikfangahirslum og fleira.

Markmið hvað varðar íslenskt táknmál eru að:

- *börn sem hafa íslenskt táknmál að móðurmáli njóti sömu málörvunar og börn sem eru með íslensku að móðurmáli.*
- *öll börnin virði og geri sér grein fyrir að íslenskt táknmál er móðurmál heyrnarlausra á Íslandi.*
- *börnin kynnist og beri virðingu fyrir máli og menningarheimum hvers annars.*
- *heyrnarlausir foreldrar geti átt dagleg samskipti við starfsfólk á sínu máli.*

Allt starfsfólk Sólborgar fer á táknmálsnámskeið og kynnist þannig máli og menningarheimi heyrnarlausra.

Leikskólinn Sólborg vinnur samkvæmt hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar, eins og aðrir leikskólar Reykjavíkurborgar. Sá grundvöllur var lagður fram með Salamanca-yfirlýsingunni árið 1994. Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 1. október 2008, aðalnámskrá leikskóla frá 2011, sem og stefnu Reykjavíkurborgar í menntamállum. Börn, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga s.s. leikskólakennara, sérkennslustjóra og annarra sérúrræða ef þurfa þykir.

Í Sólborg er unnið samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og Menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á skapandi starf í gegnum leik og daglegar athafnir. Börn þroskast í gegnum samskipti við umhverfið og náttúruna sem þarf að vera hvetjandi til sköpunar og vera krefjandi og gleðiríkt. Leikurinn er sköpun í sjálfu sér og mikilvægt er að börn hafi aðgang að skapandi efnivið og fái rými og tíma til að



leika og læra hvert af öðru. Leikurinn er bæði markmið og leið í uppeldisstarfi, þar sem hann eflir alhliða þroska barnsins. Við leggjum áherslu á að leikurinn fari fram bæði úti og inni. Í leiknum notar barnið ímyndunaraflíð, lærir m.a. að setja sig í spor annarra, taka tillit til annarra og tjá tilfinningar og upplifanir. Mikilvægt er að hafa í huga að sköpun og leikur eiga að veita gleði og ánægju og að upplifunin er mikilvægust í því samhengi og stuðlar að auknum þroska og leikni í öllum skilningi.

*Gildi og einkunnarorð Sólborgar eru eftirfarandi:*

- 1. Virðing: Að stuðla að jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins.*
- 2. Samvinna: Að þróa leikskólastarf byggt á eiginleikum starfsmannahópsins.*
- 3. Leikni: Að börnin fá tíma, rými og opinn efnivið til þess að stunda leikskólanám*

## **1 Greinargerð leikskólastjóra**

Undirrituð, Margrét Gígja Þórðardóttir, tók formlega við leikskólastjórastarfinu 1. maí 2024 en hafði fram að því leyst fyrirverandi leikskólastjóra af um þó nokkurt skeið. Fyrir þann tíma gengdi ég tímabundið stöðu aðstoðarleikskólastjóra svo að ég hef safnað smá reynslu í sarpinn en á þó margt eftir ólært. Með mér á hægri hönd starfar Brynhildur Axelsdóttir sem aðstoðarleikskólastjóri en hún tók við þeirri stöðu 1. maí síðastliðinn. Saman munum við halda áfram að halda utan um það góða starf sem Sólborg stendur fyrir og stefnum að því að efla skólann enn frekar í samstarfi með því öflugra fólki sem vinnur í skólanum, börnum, foreldrum og öðrum sem koma að skólasamfélaginu.

Sólborg er sérhæfður skóli fyrir íslenska táknmálið og gegnum við mikilvægu hlutverki hvað varðar táknmálmáltöku og döff menningu. Sólborg sinnir fræðslu og ráðgjöf til annarra leikskóla á landsvísu varðandi nám heyrnarkertra barna.

Í leikskólanum starfa allt að 40 starfsmenn, af þeim eru sextán með kennaramenntun, ellefu með aðra háskólamenntun og ellefu almennir starfsmenn. Í þessum hópi eru 7 táknmálmálhafar.



Starf skólans gekk vel í ár. Skólinn hélt áfram þróunarstarfi með opið dagskipulag og samvinnu milli deilda. Með þessu starfi þá fundum við að börnin fundu fyrir sjálfstæði, frumkvæði og vilja til að fara meira út úr stofum sínum og kynnst hinum börnunum og kennurum. Þau treystu á fleira starfsfólk og leituðu til allra á útisvæðinu. Það skal taka fram að elstu börnin voru ekki með í þessu skipulagi þar sem þau eru í elstu barna verkefnum.

Að hausti stofnuðum við teymi í kringum fjölmörg viðfangsefni til að halda utan um innra starf skólans og efla það og auka enn sjálfstæði og samábyrgð allra starfsmanna. Þetta reyndist mjög vel og við munum halda áfram með teymin en samþætta viðfangsefnin og fækka þannig teyminum sem áfram hverfast um grunnstoðir leikskólans sem eru, leikurinn sem námsleið, inngilding, sérkennsla og táknmál.

Við héldum nokkra viðburði í vetur, foreldraheimsóknir, hátíðadagskrá í tilefni dags íslenska táknmálsins þar sem við fengum til okkar gesti frá SHH og Félagi heyrnarlausra. Hápunkturinn var svo 30 ára afmælishátíð skólans sem haldið var upp á með pomp og prakt í garðinum okkar. Börnin tóku á móti gestum með söng. Regína, sérkennslustjórinn okkar, var heiðruð fyrir vel unnin störf í hartnær 30 ár og fengum við m.a. gagnvirka kennslutöflu að gjöf frá Félagi heyrnarlausra, Foreldrafélagi Sólborgar og Foreldra-og styrktarfélagi heyrnardaupra barna.

Fjórir starfsmenn fóru í ferð á vegum Erasmus og skoðuðu leikskóla í Noregi og fengu að sjá hvernig sambærilegur leikskóli vinnur þar. Á vormánuðum fór skólinn í námsferð til Finnlands kynnti sér starfsemi tveggja skóla þar. Ferðin heppnaðist mjög vel og komu allir heim endurnærðir eftir góða hópsamveru og fræðslu.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna kom vel út, við skoruðum hátt í öllum þáttum könnunarinnar, nema í þeim þáttum sem snúa að launakjörum, en það er eitthvað sem við stjórnnum ekki. Getum við verið stolt og ánægð með það og horft fram á veginn með bjartsýni að leiðarljósi.

Að lokum vil ég, fyrir hönd allra í Sólborg, þakka Guðrúnu Jónu fyrir vel unnin störf síðastliðin 10 ár en hún hefur sannarlega lyft grettistaki í starfsumhverfi leikskólakennara.

Virðingarfyllst

Margrét Gígja Þórðardóttir



## Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Nýliðafræðsla</b>	Stjórnendur sáu um nýliðafræðsluna	Nýliðar, starfsmenn og deildastjórar	Halda áfram að efla nýliðafræðsluna og gera hana markvissari
<b>Skipulagsdagur í upphafi nýs skólaárs</b>	Umræður á fundi	Allt starfsfólk skólans	Mikilvægt að hafa ráðrúm til að undirbúa komu barnanna í skólann eftir sumarfrí
<b>Þróunarstarf um opið dagskipulag með áherslu á sjálfsprottinn leik og aukna samvinnu og samveru starfsfólks og barna</b>	Umræður á deildarstjórafundum, deildarfundum, starfsmannafundum	Stjórnendur, kennarar og börn	Allir frekar ánægðir. Einhverjir hnökra til að lagfæra.  Börnin þekkja alla starfsmenn og kynnast börnum af öðrum deildum.  Ef ekki eiga að vera fjöldatakmörkanir á svæðunum, þá þarf að athuga hvernig kennarar dreifast um svæði.
<b>Táknmálið sýnilegt</b>	Umræður á fundum	Deildarstjórar, táknmálsteymið, notendur táknmáls og kennarar.	Táknmál var lítið á Birki- og Furustofum. Gekk vel á Reyni- og Víðistofu, en þar voru döff börn og starfsmenn.



<b>Valdefling starfsfólks</b>	Umræður á fundum	Allt starfsfólk skólans	Sjáum bætingu til betri vegar þannig að fólk tekur meira ábyrgð og sýnir meira frumkvæði, meiri samvinna. Halda þarf áfram með þessa vinnu.
<b>Samvinna milli stofa í hvíldartíma til að nýta rýmið betur</b>	Umræður á fundum	Deildarstjórar	Gekk vonum framár.
	Umræður á fundum	Deildarstjórar	Gekk mjög vel. Nýttist deildarstjórum mjög vel
<b>Teymisvinna</b>	Teymisfundavikur 2 x á önn.	Teymisfundastjóri hélt utan um umræður og mat.	<p>Ánægja var með teymisfundina og góðar umræður sköpuðust og mikilvægt að halda umræðum og utanumhaldi áfram. Síðasti fundurinn í maí datt niður hjá flestum því þá var of mikið um að vera. Þurfum því að færa þann fund um mánuð. Niðurstaðan var einnig að fækka þarf teymum til að vinnan verði skilvirkari og samþættari. Við ákváðum að hafa teymin 4 á næsta skólaári:</p> <p>Fjölmeningarteymi, Leikskólateymi, Sérkennsluteymi og Táknmálsteymi Deildastjorateymi</p>



## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,21
Starfsandi	Skoðanakönnun	Starfsmenn	3,94
Launakjör	Skoðanakönnun	Starfsmenn	3,03
Vinnuskilyrði	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,06
Sveigjanleiki vinnu	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,51
Ímynd	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,10
Sjálfstæði í starfi	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,10
Ánægja og stolt	Skoðanakönnun	Starfsmenn	3,96
Jafnrétti	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,11

**Heildarmat: 4,02 af 5 mögulegum**

**Helstu styrkleikar:** Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnu, vinnuskilyrði, jafnrétti og ímynd vinnustaðarins og stjórnun skólans.

**Tækifæri til umbóta:** Efla þarf starfsandann, stolt og upphefð fyrir vinnustaðnum og leikskólastarfinu. Bæta þarf launakjörin svo starfið sé samkeppnishæft úti á vinnumarkaðinum þannig að fleiri leikskólakennarar verði til.

## Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025





UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Nýir stjórnendur: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskóla stjóri	Áhersla á innra starf leikskólans í heild: þróunarverkefni um opinn skóla með áherslu á samvinnu heyrandi og döff í skapandi og frjóu leikskólastarfi. Þjappa saman starfsfólki, efla og hvetja til dáða	Sýnilegir þátttakendur í opnu samtali	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Mái 2024	Júní 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Framúrskarandi sérhæfður skóli fyrir íslenska táknmálið með ánægðum börnum, foreldrum og kennurum
Stjórnendateymi: stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjórar	Yfirsýn yfir faglegt starf í skólanum, færni og þarfir barna og starfsfólks	Markvisst samráð í formi deildafunda, teymisfunda og deildastjórafunda	Skólastjórnendur	Mái 2024	Júní 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Faglegt og öflugt leikskólastarf
Deildastjorateymi: samráð deildastjóra	Yfirsýn yfir dagskipulag og faglegt starf með börnunum	Reglulegir samráðsfundir á undirbúningstíma	Deildarstjórar	Ágúst 2024	Júní 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Að bersýnilega megi greina að leikurinn sé aðalnámsleið barnsins og hlúð sé að skapandi starfi með börnum á þeirra forsendum
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Opinn skóli	Halda áfram að þróa valiðkerfið þar sem allt rými skólans er nýtt fyrir öll börnin	Vinna með breyttan hugsunarhátt um einn skóla, öll svæði eru allra og allir ganga í störf	Allt starfsfólk skólans	Ágúst 2024	Júní 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Að bersýnilega megi greina að leikurinn sé aðalnámsleið barnsins og hlúð sé að skapandi starfi með börnum á þeirra forsendum



<b>Þemavikur</b>	Vinna markvísst að ákveðnu verkefni	Verkefnið samþætt á öll svæði í valkerfinu	Stjórnendateymi	Október 2024 / febrúar 2025	Nóvember 2024 / mars 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum 1 x á hvorri önn	Að bersýnilega megi greina að leikurinn sé aðalnámsleið barnsins og hlúð sé að skapandi starfi með börnum á þeirra forsendum
<b>Teymi</b>	Fækka teyllum frá síðasta skólaári með því að samþætta	leikskólateymi, sérkennsluteymi, táknmálsteymi, fjölmenningsarteymi Deildastjóruteymi	Teymisstjórnar	Sept. 2024	Mái 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Faglegt og öflugt leikskólustarf
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
<b>Lifandi skóli og mannaúdurinn nýttur</b>	Nýta rými skólans fyrir alla, börn og starfsfólk	Valkerfi og þemavikur	Allt starfsfólk skólans	Ágúst 2024	Júní 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Faglegt og öflugt leikskólustarf þar sem allir njóta sín
<b>Táknmálið sýnilegt, táknmálsnámskeiði</b>	Börn og starfsfólk læri táknmál	Getuskipta í táknmálakennslu fyrir starfsfólk. Táknmálsstundir á öllum stofum fyrir börn	Táknmálsteymi	Ágúst 2024	Júní 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Táknmálið jafnhliða töluðu máli
<b>Samvinna</b>	Jákvæður skólabragur og starfsandi	Opinn skóli og teymisvinna	Allt starfsfólk skólans	Ágúst 2024	Júní 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Faglegt og öflugt leikskólustarf þar sem allir njóta sín
<b>Innra mat</b>							
<b>Starfsandi</b>	Taka ábyrgð á umhverfinu og eigin hegðun og viðhorfum	Jákvæð og uppbyggileg samskipti	Allt starfsfólk skólans	Ágúst 2024	Júní 2025	Í starfsmannasamtölum og á starfsdögum	Faglegt og öflugt leikskólustarf þar sem allir njóta sín og leggja sitt af mörkum
<b>Teymisvinna</b>	Efla grunnstoðir leikskólustarfsins þ.e. leikinn sem námsleið barnsins og skapandi starf á forsendum barna	Markviss fagleg umræða um leikskólustarfið	Stjórnendateymi	Ágúst 2024	Júní 2025	Samráðs- og teymisfundum. Starfsdögum	Faglegt og öflugt leikskólustarf þar sem allir njóta sín og leggja sitt af mörkum



## 2 Innra mat Deilda

### 2.1 Birkistofa

Veturinn 2023-2024 á Birkistofu vorum við með 14 börn. 13 börn byrjuðu í aðlögun í ágúst og september og eitt barn byrjaði í desember 2023. Aldursbilið í barnahópnum var frá 7 til 12 mánaða, elsta barn fætt í júlí 2021 og tvö yngstu börnin fædd í janúar 2022 og júlí 2022. Á stofunni voru 3 tvítyngd börn. Kynjaskiptingin í hópnum var jöfn 7 strákar og 7 stelpur. 5 kennarar fylgdu hópnum.

#### Helstu niðurstöður endurmats:

**a. Aðlögun:** Viljum halda áfram með þátttökuaðlögun en gera smá breytingar sem auðvelda öllum aðilum þetta ferli. Það sem virkar mjög vel er að foreldrarnir kynnast starfinu og starfsfólkinu og geta hugsað til barnsins síns og séð það fyrir sér í hinum ýmsu aðstæðum yfir daginn.

Í aðlöguninni var of stuttur tími á milli aðlögunarhópana, það voru fjórir hópar sem byrjuðu á hverjum þriðjudegi viku eftir viku, fyrsti hópurinn var ennþá óöruggur þegar annar hópurinn var að koma í aðlögun og svo framvegis. Það var jákvætt að byrja á þriðjudegi vegna barnanna sem höfðu lokið aðlögun og hafa einn dag eftir helgi til að jafna sig í rólegheitum.

**b. Táknmál:** Táknmálið hefur ekki verið sýnilegt á stofunni þetta árið. Á stofunni var engin starfsmaður sem notar táknmál og höfum við starfsmenn ekki verið nógu dugleg að tileinka okkur táknmálið. Það sem hefur kannski vantað upp á í vetur er að fá döff starfsmanni inn með kennslu fyrir börnin.

**c. Val:** Fjölbreytt val í boði. Kennarar og börn kynnast fleirum - samvinna gengur vel.

Börnin kynnast húsinu, kennurum, döff. Væri gott að döff starfsfólk fari líka á önnur svæði - ekki vera alltaf á heimastofu. Valið hvetur til sjálfstæðis.

Rólegur tími, nóg af starfsmönnum, þetta er góð leið til að nýta mannaflann ef upp koma veikindi eða frí starfsmanna.

### 2.2 Furustofa

Veturinn 2023-2024 voru 17 börn á Furustofu, 14 börn fædd 2019 og 3 börn fædd 2020. Hluti yngri barnanna (4) þurfti svefn eftir hádegismatinn og varð úr að þau fengu að sofa á Víðistofu. Þar með gátum við haft 2 hópa í leshvöld. Eftir áramót hættu þessi börn að sofa og sameinuðust leshvöldarhópnum.

Deildin var vel mönnuð fyrri part dags, en seinni hlutinn var nokkuð strembinn og ljóst að það gengi ekki upp að hafa 2 starfsmenn eftir kl. 14:30. Fengum við því aukinn mannskap eftir hádegi. Þó að



samvinna hafi verið mikil milli deilda, þá mátti ekkert út af bregða. Á deildinni unnu m.a. tveir leikskólakennarar (annar í hlutastarfi) og uppeldisfræðingur.

Starfið á deildinni gekk vel. Okkur tókst að mestu að halda okkur við þau markmið sem við settum í byrjun hausts. Sögustundir voru daglega og voru fjölbreyttar. Sömu sögu er að segja um söngstundir og lærðu börnin mikinn fjölda texta og laga. Táknmálsstundir voru til að byrja með 1x í viku, en vegna anna táknmálskennara féllu þær niður, þegar leið á veturinn. Eitthvað sem þarf að laga fyrir næsta vetur. Við vorum með það markmið að auka skráningar og gera þær sýnilegar, en það gekk ekki alveg eftir. Við vorum duglegar að taka ljósmyndir af börnunum og setja inn á sway og gátu foreldrar því séð myndir úr starfinu.

Síðast liðið haust var ákveðið að prófa að hafa val. Um leið og barnið var búið að borða gat það valið hvar í húsinu það vildi leika sér. Í boði var að vera í hlutverkaleik, könnunarleik, á kubbasvæði, í Listaskála, spila borðspil eða fara í íþróttir í sal. Meðan veður leyfði var líka hægt að velja að fara í göngutúr (ævintýrabær). Valið hefur gengið nokkuð vel. Börnin velja ýmist eftir áhugasviði sínu og velja strax og þau eru búin að borða, eða þegar þau mæta. Önnu vilja vera með félögum sínum og bíða þar til vinirnir eru mættir og velja þá.

Foreldraviðtölin á Furustofu voru í lok maí. Þau voru að okkar mati of seint. Betra væri að hafa þau í mars/apríl.

### Umbótaáætlun Furu- og Birkistofu

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/a ðferðir?	Viðmið um árangur
Aðlögun	Að börnin verði fyrir örugg	Tveir aðlögunarhópar með 2-3 vikna millibili. Samtal við foreldra fyrir eða á meðan á aðlögun stendur.	Deildarstj óri	26. ágúst	23. september	Endurmetið á starfsdegi	Að börnunum líði vel og uni sér í skólanum
Táknmál	Táknmálstal andi starfsmaður	Táknmálsstundir	Deildarstj óri	Lok septem ber	Maí 2025	Á deildarfund um	Að börnin læri grunn í táknmáli



Valið	Pemavinna	Stýra hópastærðum og hvað er í boði þegar við á	Deildarstj óri	Janúar 2025	Júlí 2025	Á deildarfund um og starfsdögu m	Valdefling, inngilding og fullgilding
-------	-----------	--	-------------------	----------------	-----------	--	---

## 2.3 Víðistofa

Á Víðistofu þetta skólaárið voru 16 börn þar til í desember 2023 þegar eitt barn flutti erlendis og eftir voru 15 börn. Börn tengd táknmálinu voru í upphafi skólaárs 4 og síðar 3. Eitt barn er döff og það barn flutti annað þegar skólaárið var hálfnað. Tvö börn eru heyrnaskert og eitt er CODA. Skólaárið byrjaði á aðlögun þar sem 6 ný börn byrjuðu á Víðistofu. Aldurssamsetning barnanna skiptist í 9 börn fædd 2020 og 7 börn fædd 2021. Starfsmannahópin skipuðu tveir kennarar þar af einn sem deildarstjóri og hinn döff kennari, döff leiðbeinandi, tveir stuðningsfulltrúar og tveir starfsmenn með aðra menntun og táknmálskunnáttu. Túlkur starfar á deildinni frá 9:00-11:30. Starfsfólkið er í mismunandi starfshlutfalli. Leikskólaliða nemi frá Borgarholtsskóla var á deildinni frá janúar til maí.

Haldið var áfram með notkun á táknmálsrými þar sem börn sem nýta sér táknmálið geta farið og leikið á táknmáli. 4-5 börn af Víðistofu nýta sér rýmið nokkrum sinnum í viku.

Breyting varð á starfi leikskólans fyrir hádegi. Farið var af stað með valkerfi þar sem börnin velja sér mismunandi svæði til þess að leika sér á (Kubbabær, Listabær, Leikbær, Spilabær, Orkubær, Ævintýrabær og Könnunarbær). Valið hefur gengið vel og eru börnin dugleg að fara um mismunandi svæði í leik.

### Samvinna heyrandi og döff starfsfólks og innleiðing táknmáls í allt daglegt starf

Samvinna heyrandi og döff starfsfólks deildarinnar gekk vel. Samverustundir fóru yfirleitt fram á íslensku og á íslensku táknmáli. Bæði heyrandi og döff starfsfólk sá um samverustundir. Samverustundir sem fóru fram á íslensku voru táknmáls túlkaðar.

Tveir starfsmenn deildarinnar nýta sér táknmálskennslu 1 sinni í viku, aðrir starfsmenn eru vel táknmálsfærir. Samvinna starfsfólks gekk vel, í byrjun skólaárs var nokkuð um árekstra á milli starfsfólks sem ekki hafði áður unnið saman á deild. Það var tekið á því og allir lögðust á eitt um að bera virðingu fyrir skoðunum og sameinast um starfsaðferðir. Starfsfólk hittist á vikulegum deildarfundum þar sem starfið með börnunum var rætt og mismunandi skoðanir fá að heyrast. Skiptar skoðanir voru uppi á ýmsum málum en ekkert sem ekki var hægt að ræða og leysa úr.



Mikil áhersla var á að nota táknmálið í öllu daglegu starfi og hafa það sýnilegt í skólanum. Auðvitað má alltaf gera betur í táknmálinu þ.e. að æfa sig meira og nota það meira en eftir skólaárið hafa allir lært eitthvað nýtt og öðlast meiri færni.

### **Barnahópurinn**

Áhersla var lögð á sjálfstæði, samvinnu, þrautseigju, einbeitingu og vinsemd með barnahópnum í öllu daglegu starfi. Unnið var að þessum áherslupáttum í gegnum frjálsa leikinn með valkerfi, í gegnum hópastarf, útikennslu og útiveru og í samverustundum við matarborð og hvíldartíma.

Lögð var áhersla á sjálfstæð vinnubrögð í leik og starfi með börnunum í öllu daglegu starfi. Í matartímum var áherslan á að skammta sér sjálf, taka ábyrgð á því sem þau skömmtuðu sér með tilliti til magns og fjölda barna og þau voru hvött áfram að smakka allan mat. Í frjálsa leiknum var áhersla á að bera ábyrgð á ákvarðanatökunni í valinu (valkerfi um leikinn þar sem börnin velja leikefni og svæði) og halda út í leiknum. Það reynir á þrautseigju og hugmyndaflug. Í samverustundum var áherslan á samræður um daginn og veginn þar sem hver sem vildi fékk að tjá sig og við hin að hlusta. Börnin fengu að taka stjórn í söngstundum og sáu þá um val á lagi og stjórnðu því hvenær lagið myndi byrja. Þau stóðu fyrir framan hópinn og æfðu sig í framkomu, tillitssemi og vinsemd. Í útiveru og útikennslu var áherslan á að fylgja hópnum, reyna á sig líkamlega og andlega og að lesa í umhverfið sitt. Í hvíldinni var áherslan á að hvíla sig og slaka á. Unnið var með sögulestur, hlustun og samræður um efni sagnanna. Þar reyndi á að æfa sig í að róa sig niður og slaka á til að hvílast og geta um leið hlustað af athygli. Mörg barnanna voru að hætta að leggja sig í hvíldinni og æfðu þau sig í hlustun án þess að trufla hin börnin.

Barnahópurinn er góður og samheldinn, vinátta er sýnileg. Börnin eru að æfa sig með „að bíða eftir að röðin komi að sér“, komast að samkomulagi, sýna biðlund, hemja skap sitt, hlusta, tjá sig, biðja um aðstoð og ganga vel um t.d. með því að skila dótinu sínu og ganga frá eftir sig.

### **Markmið og áherslur 2024-2025**

Áhersla verður lögð á félagsfærni, jafnrétti, samvinnu og sjálfstæði barnanna, læsi, sköpun og heilbrigði. Þetta verður gert í gegnum frjálsa leikinn og ef þörf er á þá fá einstaklingar viðeigandi aðstoð við að tileinka sér færni. Einnig verður lögð áhersla á að bera virðingu fyrir öðrum og leita lausna ef ósætti er til staðar. Starfsfólk mun vinna að þessum markmiðum í gegnum frjálsa leikinn, í útiveru, matmálstímum, samverustundum og útikennslu.



Lögð verður áhersla á að þau beri virðingu fyrir náunganum, læri að sýna biðlund og hemja skap sitt og nota málið til þess að leysa ágreining eða vafamál.

Í valinu og frjálsa leiknum er lögð áhersla á að þau standi við val sitt, taki sjálfstæðar ákvarðanir og standi við þær. Þar læra þau meðal annars sjálfstjórn og samskiptahæfni, að vinna með öðrum og hafa trú á eigin getu.

**Styrkleikar:** Innleiðing táknmáls á góðri leið. Táknmál sýnilegt í öllum samverustundum og í daglegu starfi inn á deild. Valkerfið er á góðri leið og börnin sjá sjálf um að velja sér leiksvæði. Börnin fengu tækifæri til þess að koma fram fyrir hópinn og segja frá.

**Tækifæri til umbóta:** Halda áfram að þróa valkerfið. Halda áfram að hafa táknmálið sýnilegt.

### Umbótaáætlun Víðistofu 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/a ðferðir?	Viðmið um árangur
Valið	Halda áfram að þróa valið. Hafa þemavinnu	Taka í burtu valspjöld á deildinni, börnin fara þangað sem þau vilja leika	Allir starfsmenn	Sept' 24	Ágúst'25	Deildarfundir	Valdefling
Táknmál	Gera táknmálið sýnilegra	Samverustundir haldi áfram að vera bæði á táknmáli og á íslensku	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Sept' 24	Ágúst '25	Endurmat á deildarfundum	Orðið eðlilegur hluti af samverustundum

## 2.4 Reynistofa

Á Reynistofu þetta skólaárið voru 22 börn sem eru fædd á árunum 2018 -2019. Það eru 6 börn fædd 2019 og í útskriftarhópi, fædd 2018, eru börnin 16. Eitt döff barn fætt 2019 og 4 döff börn fædd 2018. Tveir drengir, annar fæddur 2018 og hinn 2019, komu til okkar vegna áskoranna vegna einhverfu. Á stofunni störfuðu 10 kennarar og 2 túlkar sem skiptu með sér vöktum fyrir og eftir hádegi. Stofan var vel mönnuð bæði faglærðum og ófaglærðum starfsmönnum; 3 menntaðir kennarar, einn nemi á meistarastigi, 2 döff starfsmenn, annar faglærður en hinn ófaglærður og einn



pólskur starfsmaður sem er að læra íslensku.

Umsjón með útskriftarhópnum var samvinna 3 kennara, 1 döff kennara og túlks. Útskriftarhópurinn vann með þematengd elstu barna verkefni, félagsfærni, læsi og hljóðkerfisvitund. Samvinna kennara og barna hefur verið góð. Túlkurinn er mikilvægur í starfinu þar sem döff kennari sér í samstarfi við heyrandi kennara um þematengd útskriftarverkefni. Yngri hópur stofunnar tók þátt í vali í hinu húsinu þar sem börnin gátu valið þvert á stofur og rými (Kubbabær, Listabær, Leikbær, Spilabær, Orkubær, Ævintýrabær og Könnunarbær). Meistaraneinn okkar hélt utan um þennan hóp og vann mikið með Lubba.

Samvinna milli döff og heyrandi hefur gengið vel. Túlkur var ávallt inn á deild en tveir túlkar starfa í leikskólanum og fara á milli stofa (Víðistofu og Reynistofu). Bæði börn og kennarar hafa verið dugleg að æfa sig í táknmáli og vera uppi með hendur og misskilningur er fátíður. Allir hafa lært heilmikið í táknmáli og má þar helst þakka því að á stofunni er döff starfsmaður sem er óþreytandi að leiðbeina og hvetja okkur hin í táknmáli.

Það hefur verið mikil áhersla á söngæfingar á deildinni þar sem elstu börn vinna með Þúsaldarljóðið og skólinn hefur undanfarinn 3 ár tekið þátt í Barnamenningarhátíð. Sú vinna er í höndum tónlistarkennara og kennara stofunnar sem einnig sjá um Þúsaldarljóðsæfingar ásamt döff kennara og túlki. Börnin voru áhugasöm og jákvæð og fljót að tileinka sér lögin sem þau lærðu, hvor tveggja á raddmáli og íslensku táknmáli. Listrænn stjórnandi Barnamenningrhátíðar, Elfa Lilja Gísladóttir útsetti metnaðarfulla dagskrá sem bar heitið „Regnbogi Meistarans“. Alls tóku rúmlega 30 leikskólar þátt sem og nemendur úr Tónskóla Sigursveins. Til að ná vel utan um verkefnið fór allur febrúar, mars og hálfur apríl í tónastundir og æfingar fyrir tónleikana og voru öll börnin á Reynistofu virkjuð. Táknmálstúlkur Sólborgar þýddi viðlag í einu laganna yfir á táknmál sem öll börnin í öllum leikskólunum lærðu og þannig varð íslenska táknmálið sett á svið í Hörpu. Þann 23. apríl 2024 sýndu börnin svo afraksturinn á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu. Þetta verkefni gekk frábærlega vel í alla staði og það voru sérlega glaðir krakkar fullir af sjálfstrausti sem gengu á sviðið og sýndu fyrir fullum sal af stoltum foreldrum, ömmum, öfum, systkinum ofl.

## **Barnahópurinn**

Í vetur lögðum við áherslu á að efla börnin og styrkja í átt til sjálfstæðis í leik og námi. Það fólst í því að hafa umhverfið fjölbreytt og spennandi og taka mið af áhuga barnanna. Börnin mættu í leikskólann og völdu sér sjálf svæði og hvað þau vildu gera. Við kennarar hlustuðum á þau og





studdum hugmyndir þeirra. Við lögðum áherslu á félagslegafærni og að opna augun fyrir því mikla félagavali og fjölbreytileika sem stofan býður upp á. Börnunum gekk mjög vel, voru góðir vinir, tillitsöm og sýndu náungakærleika. Öll þurfa þau að æfa sig í að sýna þolinmæði, bíða, taka tillit en auðvitað mismikið. Við lögðum mikla áherslu á að við erum ekki öll eins og þannig skapast gott tækifæri til að ræða um fjölbreytileika eins og t.d sérþarfir sem og fatlanir sem margir búa við. Börnin sýndu hvert öðru virðingu og skilning og mikill og góður vinskapur myndaðist á milli barnanna svokölluð félagamenning. Þau læra að þekkja hvert annað, sýna skilning, gera kröfur, hafa gaman og líka prakkarast.

## Markmið og áherslur 2024-2025

Við munum hafa grunnþætti menntunar, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun að leiðarljósi í starfi okkar. Við munum halda áfram að leggja áherslu á sjálfstæði í leik og námi barnanna, styðja þau og efla félagslega og leggja okkur fram við að hafa táknmálið sem sýnilegast, læra meira og verða betri. Síðustu ár höfum við rekið okkur á að börn þurfa stuðning og leiðsögn varðandi það að vera hluti af hóp, taka tillit og bjarga sér sjálf. Þetta munum við áfram vinna markvisst með og uppskera því börn eru fljót að átta sig, tengja og tileinka sér. Eins og á síðasta ári munum við leggja áherslu á félagaval í eldri og yngri hópunum þrátt fyrir ólík verkefni hluta dagsins.

### Markmiðin verða eftirfarandi:

- Elstu barna verkefni: Þúsaldarljóð, þemu tengd frumefnunum fjórum (jörð, vatn, loft og eldur).
- Yngri hópur: Tekur þátt í vali í hinu húsinu.
- Táknmál: Samvinna döff og heyrandi.
- Söngur og tónastundir: Söngur, hlustun, hljóðfæri og hreyfing.
- Lestur og tjáning: Hlustun, einbeiting, tjáning.
- Hegðun og framkoma: Jákvæður agi, virðing, tillitsemi og kurteisi.

**Styrkleikar:** Á Reynistofu höfum við leitast við að styðja við og efla börn í leik og námi. Hvetja þau til sjálfstæðis og gera þau örugg í að treysta eigin hugmyndum og löngunum. Hlúa að umhverfi sem umvefur börn og þeim líður vel í og fá tækifæri til að blómstra félaglega með jafnöldrum sínum og hvetur til félagamenningar.

**Tækifæri til umbóta:** Halda áfram að hlúa að leik barna og þar með námi. Kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvægi leiksins. Gera enn betur varðandi táknmálið og hafa hendur á lofti.

## Umbótaáætlun 2024-2025



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Valið/leikur</b>	Styðja við börnin í leik þar sem áherslan er á áhuga barnanna og sjálfstæði.	Hafa fjölbreytt námsefni í boði í hverju rými stofunnar.	Deildastj og kennarar stofunnar	Sept 2024	apríl 2025	Fylgjumst með börnunum, skráum og ræðum á deildarfundum.	Sjálfstæð, forvitin og örugg börn í eigin námi.
<b>Félagsfærni/ Vinátta</b>	Efla og styðja við félagsfærni og vináttu barna.	Byggja á áhuga barna og löngun í félagi  Tillitsemi Virðing	Deildstjóri og kennarar stofunnar.	sep. 2024	apríl 2025	Fylgjumst með félagsfærni barnanna og samskiptum. Ræðum á deildarfundum	Ánægð og sjálförugg börn sem virða og taka tillit til hvers annars og umhverfi síns.
<b>Táknmál</b>	Halda áfram að gera ÍTM sýnilegt	Sjónrænt umhverfi og að starfsfólk sé mikilvæg fyrirynd með hendur á lofti.	Kennslustj ÍTM, deildastj og kennarar stofunnar	ágúst 2024	juní 2025	ÍTM notkun barna og starfsfólk og umræður á deildarfundum.  Vikuleg tákn málskenndla fyrir starfsfólk.	Samskipti barna og kennara á ÍTM og þekking þeirra á táknum.

### 3 Innra mat sérkennslu

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með námi barna með sérþarfir, gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd þeirra. Sérkennslustjóri sinnir ráðgjöf til starfsmanna og heldur utan um samstarf við foreldra, utanaðkomandi sérfræðinga, um skipulagningu samráðs og reglulegra teymisfunda og situr deildarfundum eftir þörfum.

Meginþættir sérkennslunnar líta að eftirfarandi þáttum:

- Kennsla heyrnarkertra, heyrnarlausra og CODA barna.
- Atferlisþjálfun barna með einhverfu.
- Snemmtæk íhlutun vegna barna með seinkaðan málproska.



- Markviss skipulögð þjálfun barna með önnur þroskafrávik varðandi mál- og hreyfiproska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir.
- Tengiliður varðandi samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Sólborg fer með ráðgjöf varðandi heyrnarskert börn í almennum leikskólum á landsvísu, sem sérkennslustjóri hefur sinnt. Ráðgjöfin fer fram á viðkomandi leikskóla barns á höfuðborgarsvæðinu og á TEAMS fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Á skólaárinu 2023-2024 var veitt ráðgjöf til 4 leikskóla, þar af voru 2 skólar á höfuðborgarsvæðinu og 2 á landsbyggðinni.

Samstarf við sérfræðinga utan leikskólans er alltaf mikið. Þeir sérfræðingar sem við höfum starfað með og fengið ráðgjöf frá eru: Ráðgjafar á Æfingastöðinni, talmeinafræðingar á mismundandi stofum, Ráðgjafar- og greiningarstöð, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Heyrna- og talmeinafræðingar á Heyrnar og talmeinastöð, ráðgjafar á Vesturmiðstöð og Sjónstöðinni.

Eins og áður er það okkar mat að þó um marga sérfræðinga sé að ræða þá hafi tekist vel að koma þeirra vinnu fyrir. Til þess að svo verði þarf útsjónarsemi og sveigjanleika, tileinka sér nýjar aðferðir og fylgja málum vel eftir í daglegu starfi.

#### **Mat á sérkennslu 2023-2024**

Á síðasta ári voru 13 börn sem nutu sérkennslu í Sólborg. Barn sem nýtur stuðnings er fyrst og fremst barn í leikskólanum og stuðningur þess er ætlaður að styðja við barnið í barnahópnum og einstaklingslega, þannig að það geti tekið þátt og átt hlutdeild í leikskólastarfinu.

**Styrkleikar:** Okkar styrkleiki í Sólborg er skýr stefna leikskólans varðandi sérkennslu og nám barna með sérþarfir. Þverfaglegur starfsmannahópur er mjög mikilvægur í þessari vinnu og kemur sterkur inn.

**Tækifæri til umbóta:** Allir voru sammála um að það er gott að hittast og heyra hvað aðrir eru að gera, fá hugmyndir, hvatningu og ráð hjá öðrum. Mikilvægt er að deila ýmsu sem kemur upp og spegla sig í góðum og erfiðum málum. Taka þarf tillit til þarfa barnanna, hvenær þau þurfa aðstoð inn í hópinn og einstaklingslega. Barnið er alltaf barn. Að fara inn í vinnustundir hjá öðrum gerði engin nema sérkennslustjóri. Allir voru sammála um að það væri gaman og lærdómsríkt að gera það. Við erum með talmeinafræðingum og sjúkraþjálfum þegar þeir vinna inn í Sólborg og hitta barn/börn, fáum ráð og deilum því sem við erum að gera út frá einstaklingsnámskrá barnsins. Gott samstarf er á milli starfsfólks, því er nauðsynlegt að halda því áfram að koma upplýsingum varðandi börnin á starfsmannafundi þar sem allt starfsfólk skólans er saman komið á haustfundi. Ef breytingar verða og



nýjar upplýsingar koma er það deildastóra að koma þeim skilaboðum til sinna starfsmanna á vikulegum deildarfundum.

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b>  Hvernig var sérkennslan skipulögð;  Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?  Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólasterfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?  Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?  Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla er alltaf skipulögð út frá hugmyndafræðinni Menntun án aðgreiningar og þarfir barnsins í forgrunni.</p> <p>Sérkennsla fer ýmist fram inná deild, í hópi barna eða einstaklingskennslu. Sérkennsla er skipulögð af sérkennslustjóra í samstarfi við deildastjóra og starfsfólk sérkennslu.</p> <p>Skráningar um þroskaframvindu hvers barns í Sólborg eru gerðar tvisvar á ári í þar til gert form sem deildastórar hafa umsjón með “Ég um mig” og deilt er með foreldrum.</p> <p>Börn með skilgreindar sérþarfir og stuðningstíma eru með einstaklingsnámskrá með langtíma- og skammtímamarkið sem unnin eru í samvinnu við foreldra. Hún er metin tvisvar sinnum á önn eða eftir þörfum. Notast er við lista með viðmiðum í endurmati á markmiðum. Merkt er með númerum, í reitnum sést hvað er að baki hvers númers. <b>Signý Þórðardóttir þýddi og staðlaði úr bókinni Designing Personalized Learning e. Ferguson ofl. Okt., 2010. Guðný Björk Þorvaldsdóttir kláraði þýðingu 2021.</b></p> <p>Í einstaklingsvinnu eru notuð eyðublöð þar sem viðfangsefni og endurmat tímans er skráð.</p> <p>Í atferlisþjálfun eru notuð þar til gerð skráningarblöð.</p> <p>Myndbandsupptökur eru einnig talsvert notaðar sem matstæki</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>  Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• AEPS</li> <li>• Smábarnalistinn</li> <li>• Íslenski þroskalistinn</li> <li>• Orðaskil</li> <li>• Táknasafn</li> <li>• EFI-2</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>HLÍÓM-2</li> </ul> <p>Atferlislistar- Listi yfir þjálfunaráætlanir úr Bókinni Behavioral intervention for young children with autism- a manual for parents and professionals</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Sólborg á mikið safn námsgagna og bætt er í safnið eftir þörfum. Námsgögnin eru notuð eftir þörfum hverju sinni og sem hentar hverju barni fyrir sig.</p>

#### Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Teymisfundir ábyrgðarmanna einstaklingsáætlana Fara í vinnustund eða inn á deild hjá öðrum sem sinna sérkennslu Skoða einstaklingsnámskrá fleiri barna. Fara á námskeið varðandi sérkennslu. Skoða ýmsar verkfærakistur s.s. MML, Torgið of.l</p>	<p>Deila reynslu og ræða saman um verkefnin</p>	<p>Skipulagðir fundir 2-3x á önn.  Einu sinni á önn</p>	<p>Sérkennslu- stjóri  Þeir sem sinna sérkennslu  Þeir sem sinna sérkennslu og sérkennsustjóri</p>	<p>Haust í þemaviku Sólborga</p>	<p>Vor</p>	<p>Spurninga-könnun  Spurninga-könnun  Spurninga-könnun</p>	<p>Að fundir verði haldnir Samvinna á milli starfsfólks sem sinna sérkennslu</p>

#### 4 Innra mat táknmálstúlks

Í Sólborg er eitt stöðugildi táknmálstúlks. Helstu verkefni túlks eru að túlka:

- Fyrir börn í daglegu starfi, s.s. hópastarf, samverustundir, leshvöld, söngstundir og aðrar upptökur í sal



- Deildafundi og starfsmannaviðtöl
- Foreldra- og námskrárviðtöl
- Skráningar er varða börnin, s.s. námsskrár, ég um mig
- Aðra tilfallandi fundi og samtöl milli foreldra og starfsfólks

#### Viðburðir og fræðsla sem túlkur sótti veturinn 2023-2024

- Túlkur fór til Noregs á vegum Erasmus+, ásamt þremur starfsmönnum, til að kynna sér túlkun í leikskóla þar.
- Túlkur í námsferð til Finnlands ásamt öllum leikskólanum þar sem tveir skólar voru skoðaðir.
- Námskeiðið Deaf Utopia hjá endurmenntun Háskóla Íslands.
- Doktorsvörn í Háskóla Íslands þar sem doktorsritgerð um ÍTM var kynnt og varin.
- Fyrirlestur á degi Íslensks tákn máls: Reynsla tákn máls hafa af skólastarfi
- Kynningarfundur í Félagi heyrnarlausra varðandi þingsályktunartillögu um málstefnu ÍTM og aðgerðaráætlun.
- Tvo fyrirlestra á Menntastefnumóti varðandi tákn máls svið í Hlíðaskóla

#### Endurmat 2024

Veturinn 2023-24 starfaði tákn máls túlkur aðallega á deild þar sem 24 börn dvelja og 8 starfsmenn starfa. Túlkaði hópastarf og samverustundir í daglegu starfi og önnur samskipti á deildinni. Starfsmenn deildarinnar notuðu tákn máls túlk á deildafundum, í starfsþróunarviðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við stjórnendur, starfsfólk og foreldra. Tákn máls túlkur túlkaði einnig milli foreldra og starfsmanna í foreldraviðtölum, námsskrárviðtölum og tilfallandi samtölum. Vegna anna við túlkun gafst ekki mikill tími til að rýna í starfið í vetur með tilliti til túlkafræða en í lok skólaárs skrifaði túlkur greinargerð um starfið í vetur og hugleiðingar fyrir næsta skólaár.

- Túlkur fékk handleiðslu hjá túlki frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) einu sinni sínum yfir veturinn.
- Túlkur var í starfshóp með túlkum frá Hlíðaskóla sem fundaði tvisvar sínum yfir skólaárið og ræddi túlkun fyrir börn í grunnskóla og leikskóla. Túlkur Sólborgar fór í Hlíðaskóla og fylgdist með túlki að störfum þar.
- Túlkur sótti tvo fundi hjá HART, félagi háskólamenntaðra tákn máls túlka. Túlkur situr í undirbúningsnefnd á vegum HART sem vinnur að því að undirbúa norræna túlkaráðstefnu á



Íslandi árið 2025 og sótti nokkra fundi vegna þessa. Í nefndinni eru einnig túlkar frá Hlíðaskóla, SHH og Túlkun og tal.

- Túlkur fór í fyrsta sinn með á skilafund í Hlíðaskóla vor 2024 þar sem upplýsingum hvað varðar börn með stuðning var deilt á milli stofnana, þ.m.t. upplýsingum varðandi túlkaþörf.
- Túlkur hefur á vormánuðum þjálfað túlkamentaðan starfsmann Sólborgar til að taka við af sér sem túlkur Sólborgar.

**Styrkleikar:** Mjög góð samvinna með samstarfsfólki á Sólborg. Góð samvinna við túlka í Hlíðaskóla, SHH og Túlkun og tal.

**Tækifæri til umbóta:** Að túlkur fái efni frá kennurum til að undirbúa sig fyrir túlkunina, hvort sem er inn á deild eða á fundum. Halda áfram samvinnu milli Hlíðaskóla og Sólborgar, þar sem þetta eru einu staðirnir þar sem táknmálstúlkar starfa við svipaðar aðstæður, þ.e. sem hústúlkar innan skóla þar sem túlkað er fyrir börn, starfsfólk og foreldra.

### Ársmarkmið 2024-'25

Halda áfram samvinnu við Hlíðaskóla með reglulegum samræðufundum. Einnig að túlkur frá Hlíðaskóla komi og fylgist með Sólborgartúlki í túlkun og gefi honum endurgjöf (feedback) og eins að Sólborgartúlkur fari í Hlíðaskóla og fylgist með túlkum að störfum þar. Finna leiðir til að auka meðvitund kennara um mikilvægi undirbúnings fyrir túlk.

Leiðir til árangurs:

Matsþáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið
Samstarf við Hlíðaskóla	Tækifæri fyrir fagmenntaða táknmálstúlka sem starfa með börnum að ræða saman um starfið.	Samræðuhópur túlka frá Sólborg og Hlíðaskóla hittist 2 sinnum yfir skólaárið	Túlkur	Haut 2024	Vor 2025	Endurmat vor '25.	Vettvangur fyrir táknmálstúlka á Skóla og frístundasviði að hittast og ræða starf sitt.
Samstarf við Hlíðaskóla	Túlkur fái tækifæri að fylgjast með túlkun fyrir börn.	Fara í heimsóknir í Hlíðaskóla og fá táknmálstúlk þaðan í Sólborg	Túlkur	Haut 2024	Vor 2025	Endurmat vor '25.	Samvinna milli túlka sem starfa á Skóla-og frístundasviði.
Meðvitund um mikilvægi undirbúnings fyrir túlk.	Auka meðvitund kennara um mikilvægi	Fyrirlestur um undirbúning túlka og áhrif þess á gæði túlkunar.	Túlkur og leikskóla-stjóri	Haut 2024	Vor 2025	Endurmat vor '25.	Samvinna milli túls og kennara.



	undirbúnings fyrir túlk.						
--	-----------------------------	--	--	--	--	--	--

## 5 Innra mat kennslustjóra ÍTM

Íslenska táknmálið ( ÍTM ) var samþykkt með lögum 27.maí árið 2011. Með því var lagaleg staða íslenskrar tungu og íslensks tákn máls tryggð í íslensku samfélagi. Íslenskt tákn má er það tungumál sem heyrnarlausir (döff) á Íslandi nota til að eiga samskipti sín á milli og byggist það á táknum sem eru mynduð með hreyfingum handa, höfuðs og líkama, ásamt svipbrigðum, munn- og augnhreyfingum og er því málið skynjað í gegnum sjón. ÍTM er sérhæfing leikskólans Sólborgar sem er að hér er boðið upp á námsumhverfi fyrir börn sem tala íslenskt tákn má. Einnig eru hér starfsaðstæður fyrir döff kennara sem gerir leikskólann enn sterkari en hann er. Með fjölda döff kennara nær tákn málið að blómstra enn meira innan um döff og heyrandi börn.

### Helstu verkefni kennslustjóra ÍTM

- Minna starfsmenn á að vera með hendur uppi, það er að nota ÍTM alls staðar
- Kennsla í ÍTM og döff menningu fyrir starfsfólk, börn og foreldra.
- Búa til kennsluefni fyrir börn á leikskólaaldri, starfsfólk og foreldra

### Endurmat skólaársins 2023 – 2024

Starfsfólk Sólborgar fékk tákn málskennslu á hverjum morgni frá kl. 8.30 – 9.00. Á námskeiðin mættu bæði deildarstarfsmenn og utan deilda starfsmenn. Vel var mætt í tímana og hátt í fimm starfsmenn á hverjum degi. Börnin í Sólborg fengu einnig tákn málskennslu þar sem þau lærðu grunnin í ÍTM, sungið var á ÍTM og sögur voru sagðar. Allt þetta fór fram í samverustundum með kennslustjóra ÍTM. Foreldrar barnanna gátu óskað eftir aðgangi að samfélagsmiðlahópi, þar sem þau fengu „fjarkennslu“ sem byggðist á fróðleiksmolum um döff samfélag og menningu ásamt tákn málskennslu.

### Styrkleikar

- Íslenskt tákn má er mun sýnilegra bæði inni á opnum svæðum skólans og á útisvæði
- Tákn málskennslan er vel sótt af starfsfólki





## Tækifæri til umbóta 2024-2025

- Markmiðið er að starfsfólkið öðlist færni í daglegum samskiptum á táknmáli og hafi hendur á lofti. Að allir geti átt samskipti á táknmáli á vinnustaðnum.
- Táknmálskennslunni verði skipt þannig upp að byrjendur séu saman í hóp og þeir sem eru lengra komnir séu saman.
- Táknmálskennsla fyrir börnin á öllum deildum ekki bara þar sem döff börn og starfsfólk eru. Tveir starfsmenn sjá um þessa kennslu.
- Endurnýja táknmálsmyndir á veggjum og búa til fleiri myndir af táknum sem eru aðlaðandi fyrir börn.
- Kenna börnunum að tákna fleiri sönglög

## 7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Þegar leikskólaganga barna hefst er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín. Allir foreldrar eiga það sameiginlegt að vilja börnum sínum allt það besta. Hafa ætti í huga að leikskólinn er stundum fyrsti og eini tengiliður fjölskyldunnar við íslenskt samfélag. Vönduð móttaka í Sólborg getur því skipt sköpum um nánustu framtíð fjölskyldunnar. Mismunandi er hversu margir nemendur af erlendum uppruna eru í Sólborg ár hvert og aðstæður því margbreytilegar.

Tryggt skal að foreldrar barna fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um Sólborg. Læsisstefna Sólborgar er grunntónn í öllu daglegu starfi, allra barna í leikskólanum. Notaðir eru Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og orðaforðalistar til þess að fylgjast með framförum barnanna. Hugað er að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna.

Í Sólborg er leikurinn meginstefið og það tæki sem bindur öll börn saman og í leiknum er notað tungumál sem allir skilja. Opið valkerfi í dagskipulaginu á morgnana gefur börnunum tækifæri á að velja um margvísleg svæði innan skólans og að leika við fjölbreyttan hóp barna sem og sína nánustu vini. Fjölbreytt upplifun í leik og starfi eflir seiglu og hugrekki sem allir þurfa á að halda.

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagninu sem úthlutað er til Sólborgar vegna fjöltyngdra barna er ráðstafað með kaupum á
---	---



	málörvunarefni s.s. kennsluefni, bókum, spilum og fyrirlestrum til starfsfólks.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er markviss vinna inn á hverri deild og starfsfólk er meðvitað um þau börn sem þurfa aukna málörvun. Gefðu 10 var kynnt og sett upp á hverri deild í upphafi skólaárs og notað af og til.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Rík áhersla er á málörvun í öllu daglegu starfi leikskólans og starfsfólk hvatt til þess að nota öll tækifæri sem bjóðast til umræðna og samskipta við börnin öll.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum í íslensku með skráningum í:  Ég um mig lista Sólborgar  Orðaforðalista Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.  Hljóm 2
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Fylgst er vel með framförum í málþroska allra barnanna og reglulegar skráningar gerðar. Gripið er til sértækra aðgerða ef þörf krefur s.s. send tilvísun um frekar athugun eða aukin málörvun í einstaklingsstundum eða litlum hópum.

## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Fjölmenning -
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Halda betur utan um þau börn sem þurfa markvissa málörvun með snemmtækri íhlutun og fylgjast með framþróun þeirra með því að fylla út hæfniramma reglulega.  Bjóða fleiri starfsmönnum að fara á fyrirlestra og ýmsa fræðslu tengda fjölmenningu.



	Efla teymið, virkni þess og í kjölfarið virkja alla starfsmenn til þess að vera meðvitaða um mikilvægi aukinnar málörvunar tví- og fjöltyngdra barna í daglegu starfi í leikskólanum.  Gera starfsmenn upplýsta um teymið, börnin og þá fræðslu sem til er.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Tengiliður fjölmenningar og teymið sér um að upplýsa aðra starfsmenn og minna á samábyrgð.
<b>Ábyrgð</b>	Tengiliður fjölmenningar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst að hausti 2024 og lýkur að vori 2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Metið um áramót og í lok skólaárs. Með umræðum á teymisfundi.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Umræður á fundi teymis í lok tímabils. Farið yfr stöðuna og starfsáætlunina.

## 8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í janúar 2024. Leikskólastjóri tók viðtöl við millistjórnendur, tákmalstúlk og eldhúskokkinn. Deildarstjórar tóku viðtöl við starfsfólk stofanna. Stjórnendur tóku nýliðaviðtöl og önnur viðtöl er luttu að samstarfsörðugleikum, hvatningu/áminningum eða öðrum upþákomum.

### Endurmat á starfsþróunarsamtölum deildarstjóra:

Gengu vel, starfsfólk ánægt og sér fyrir sér að vinna áfram á Sólborg. Við teljum að gott væri að deildarstjórar taki viðtöl annað hvert ár og aðrir stjórnendur á móti hitt árið. Við bendum á að gott væri að leikskólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri taki viðtölin næsta skólaár vegna mikilla breytinga, álags og óróleika í stjórnendateyminu síðustu ár.



## Umbótaáætlun 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Starfsmannasamtöl	Koma á skilvirku kerfi	Stjórnendur skólans skipti með sér samtölum við starfsfólk	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Febrúar	Mars	Með samtali	Hafa yfirsýn um starf skólans og líðan starfsfólks.
Nýliðaviðtöl	Koma á skilvirku kerfi	Nýliðafræðsla	Stjórnendur og deildarstjórar	Í starfsbyrjun	Eftir tvo mánuði	Með samtali	Fylgja eftir nýju starfsfólki

### Leiðir til umbóta

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka starfsþróunarviðtöl við allt starfsfólk skólans einu sinni á starfsári. Þau fara fram á vorönn í febrúar og mars. Þess utan halda deildarstjórar utan um þann hóp sem er eyrnamerkur er hverri stofu fyrir sig.

Nýliðaviðtöl fara fram í upphafi ráðninga þar sem stjórnendur fara yfir réttindi og skyldur starfsmanna í skólanum, vinnusiðferði og umgjörð skólans. Deildastjórar eru svo tengiliðir við nýtt starfsfólk og leiðbeina því í starfi með börnunum og vinnuaðferðum. Nýliðar fara í viðtal við stjórnendur að tveimur mánuðum liðnum af reynslutímanum sem eru 3 mánuðir þar sem farið er yfir líðan og gengi þeirra í starfi.

### Fræðsla

- Farin var fræðsluferð til Finnlands í apríl þar sem skoðaðir voru bæði leik- og grunnskóli
- Starfsfólk allra stofa fóru á námskeið BOFS fræðsla- Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga- fyrir þau sem starfa með 2-6 ára börnum
- Allt starfsfólk sem ekki er táknmalstalandi fór á táknmalnámskeið á vegum Sólborgar 1x í viku 30 mínútur í senn.
- Starfsmenn af erlendum uppruna stunduðu íslenskunámskeið



- Táknmálsnámskeið í SHH

#### **Millistjórnendur fóru meðal annars á:**

- PMTO námskeið okt-23 – jan24
- Erasmus ferð að skoða döff leikskóla og döff starfsstöð í Noregi. Nóv'23.
- Starfspróun deildarstjóra í leikskólum: Lota 5 – leikurinn sem námsleið 14. Mars
- Ráðstefna, Skóli nútíðar – Vegvísir framtíðar 9. apríl
- Kynningu á breytingum á Aðalnámskrá leikskóla (menntavísindasvið) ágúst 2023
- Farsældarþing
- Námskeið tengiliða á vegum BOFS varðandi farsæld barna
- Lærdómssamfélag Sérkennslustjóra í Reykjavík ýmiskonar fræðsla
- Sérkennslustjórafundir á Vesturmiðstöð
- Fræðsludagur hjá Félagi Sérkennara á Íslandi

#### **Endurmat á fræðslu- og skemmtiferð til Finnlands sem skólinn fór í 24 apríl – 28 apríl**

##### **Hvernig var upplifunin af ferðinni:**

Ferðin var áhugaverð og góð í alla staði. Frábær samvera með 27 Sólborgar starfsmönnum, þetta var stór og frábær hópur. Gott að hafa messengerhóp sem samskiptaleið (dagbók ferðarinnar), allir með og upplýsingastreymið gott.

Alltaf gaman að skoða eitthvað annað/nýtt. Gaman að heimsækja grunnskólann og sjá hvernig þau vinna, en hefði mátt vera tvær leikskólaheimsóknir.

Alþjóðlegi táknmálstúlkunin var góð, en raddtúlkunin var ekki eins góð, ekki alltaf hægt að tengja svörnin við spurningarnar sem við spurðum.

Okkur fannst mjög gott að hafa heimsóknirnar fyrri part dagsins eða frá kl: 9-14 og frjálst eftir það, ekki of strangt skipulag.

Vorum mjög hugsu yfir hlaðborðinu í skólunum í hádeginu, sáum mikla matarsóun og kennararnir þar töluðu um það.

##### **Er eitthvað sem við getum við nýtt okkur:**

Rýmið þeirra á leikskólanum var mjög gott, hægt að skipta börnunum í marga litla hópa. Getum alltaf nýtt okkur reynsluna að sjá hvað aðrir skólar eru að gera, sama hvort það sé betra/verra.

Einstklingsnámskrá fyrir alla, þannig að allir eru meðvitaðir um þarfir allra barnanna.

##### **Hvað stóð upp úr:**



Fataklefinn, herbergi fyrir blaut útiföt, sturtur alls staðar, skólinn læstur, sýnikennsla sem við sáum.

Að fá að fylgjast með táknmálstúlkum.

Vorum mjög hugsí yfir tilboði sveitafélagsins að bjóða upp á sólarhrings opnun í leikskóla.

Varðandi barngildi þá eru 5 börn á starfsmann með 3 ára og yngri, en 3 ára til 7 ára er reiknað með 7 börnum á starfsmann

Öll samskipti okkar á milli góð og róleg stemmning í hópnum, mikil gleði og samheldni. Rólegheit og allt afslappað.

### **Hvað var vel gert varðandi ferðina**

Undirbúningu ferðarinnar og skipulag var mjög gott. Gott skipulag og góð dagskrá.

Vel tekið á móti okkur, fararstórin í Helsinki hélt vel utan um okkur og hugsaði um þarfir hópsins

Stórt plús að vera með rútu út af fyrir okku þannig að við þurftum ekki að koma okkur sjálf á áfangastaðina, viss þægindi sem kostar meira en 100% þess virði.

### **Heimafólk:**

Þeir starfsmenn sem fóru ekki til Finnlands (8 talsins) fóru í heimsóknir í 3 leikskóla, 1 úti á landi, í Hvalfjarðarsveit og 2 hér í Reykjavík. Upplifunin var jákvæð og skemmtileg af öllum leikskólunum en leikskólinn í sveitinni skar sig úr fyrir sveitarómantík, fjöll, kyrrð og ró. Leikskólunum í borginni svipaði meira til þess sem við þekkjum þ.e. ys og þys og brjálað að gera 😊

## **9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Samstarf milli skólastiga er mikilvægt svo tryggja megi eðlilega samfellu í námi barnsins. Samstarf þetta felst í upplýsingamiðlun og gagnkvæmum heimsóknum barna og kennara á milli skóla. Hlíðaskóli er hverfisgrunnskóli Sólborgar og er samstarf leik- og grunnskóla með hefðbundnum hætti þ.e. elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir í grunnskólann og frístundamiðstöðina. Börnum með sérþarfir er fylgt nánar eftir í grunnskólann.

### **Endurmat á samstarfi við Hlíðaskóli**

Samstarfið við Hlíðaskóla gekk vel. Sameiginlegur skipulagsfundur Hlíðaskóla og leikskóla í hverfinu var haldin snemma hausts og var það Hlíðaskóli sem boðaði þennan fund og hélt utan um hann.

Við fórum í þrjár heimsóknir í Hlíðaskóla, skoðunarferð um skólann, heimsókn inni bekk og á leikhússýningu hjá 1 bekk. Vel var tekið á móti okkur í Hlíðaskóla og vel haldið utan um heimsóknir okkar. Börnin fengu góða kynningu á því sem fyrsti bekkur er að fást við.



Við fórum einnig í tvær heimsóknir í Eldflaugina. Í fyrri heimsókninni fengu börnin kynningu á svæðinu og í seinni heimsókninni léku þau á útivæðinu. Börnin voru mjög spennt fyrir þessum heimsóknum og nutu þess að skoða og leika sér við dótið sem þar er. Starfsmenn Eldflaugarinnar höfðu á orði hve yfirveguð og róleg börnin frá Sólborg væru. Það er í raun óþarfi að bóka seinni heimsóknina þar sem gert er ráð fyrir að börnin leiki úti því við getum í raun farið hvenær sem við viljum á skólalóðina í sumar.

Við höfum áður sagt í endurmati að við vildum fá grunnskólann áfram í heimsókn til okkar en það hefur ekki orðið (í nokkur ár komu 6 árarnir einu sinni yfir veturinn í heimsókn með kennurum frá Hlíðaskóla) og kannski skiljanlegt. En það sem við vildum væri að fá kennara frá Hlíðaskóla í heimsókn hingað á vorin til þess að kynna sér það nám og starf sem fram fer hér. Slík heimsókn myndi styðja við samfellu í námi barnanna. Okkur þætti einnig mikilvægt að skólastjóri skólans gæfi sér tíma til að heilsa upp á hópinn okkar í heimsóknum okkar í skólann. Skólastjóri Hlíðaskóla er döff og við erum með döff börn og döff kennara í hópnum okkar. Mikilvægt er fyrir döff börn að sjá döff fyrirmyndir.

## 10 Foreldrasamvinna

Forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum er að samstarf foreldra og starfsfólks sé gott. Gott samstarf byggir á gagnkvæmu trúnaðartrausti og upplýsingamiðlun. Í upphafi leikskóladvalar eru foreldrar beðnir um að fylla út upplýsingablað þar sem fram koma ýmsar hagnýtar upplýsingar um barnið. Aðlögunartími barnsins er mjög mikilvægur því þar er grunnur lagður að góðu samstarfi við foreldra. Gert er ráð fyrir því að foreldrar séu a.m.k. í þrjá daga í þátttökuaðlögun þar sem foreldrar og barn fá innsýn inn í starf leikskólans.

### Foreldraviðtöl

Öllum foreldrum er boðið í tvö foreldraviðtöl, annars vegar að hausti og hið síðara að vori. Allir foreldrar sem eru með börn í aðlögun koma í svokallað fyrsta viðtal þar sem ítarlega er farið yfir hagi og þarfir barnsins auk mikilvægra atriða sem foreldrar þurfa að vita varðandi leikskólann. Haustviðtalið er valfrjálst en mælst er til að foreldrar komi í viðtölin að vori þar sem skráningum um barnið í leikskólanum er deilt með foreldrum. Foreldrar barna með sérþarfir sitja slíka fundi oft, eftir því sem þurfa þykir. Allir foreldrar eiga rétt á túlkun og leikskólinn býður upp á táknumálstúlkun í viðtölum, á fyrirlesturum og kynningarfundum.

Foreldra- og fræðslumorgnarnar eru haldnir í Sólborg að hausti en markmið þeirra er að kynna leikskólastarfið fyrir foreldrum og treysta samstarf. Leikskólastjóri fer yfir sameiginleg markmið



skólaársins og kennarar kynna áherslupætti hvernar stofu fyrir sig. Upplýsingar um daglega viðburði í leikskólanum og framkvæmd starfsáætlunar fá foreldrar í tölvupósti og í gegnum mynda og frásagna forritið Sway ásamt gagnvirkum samskiptum í lok dags við starfsfólk og stjórnendur leikskólans.

## **Foreldrafélag**

Foreldrafélag hefur starfað við leikskólann Sólborg frá opnun 1994. Það er félag allra foreldra í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og vera samstarfsvettvangur þeirra fyrir barnanna hag. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins árlega en formaður félagsins er kosinn til tveggja ára í senn. Aðstoðarleikskólastjóri er tengiliður leikskólans við félagið. Að öðru leyti kemur leikskólinn ekki að rekstri félagsins, né ákvörðunum þess. Foreldrafélagið styður við starf leikskólans og er dagskráin iðulega nokkuð hefðbundin. Foreldrafélagið sinnir verkefnum foreldraráðs, í foreldrafélaginu eru 4 fulltrúar.

Meðlimir: Elísabet Hrönn Fjóludóttir, Guðmundur Óli Sigurjónsson, Hólmgeir Reynisson, Björg Ólöf Þráinsdóttir. Thelma Rut Haukdal Magnúsdóttir, Jónas Bragi Hafsteinsson

## **Veturinn 2023-2024**

- Aðalfundur September 2023
- Fundur með foreldrafélaginu til að skipuleggja jólaföndur 09/11/23
- Jólaföndur desember 2023
- Fundur með foreldrafélaginu 30/04/24
- Pantaðar og keyptar útskriftargjöf fyrir elstu deildina (bækur, Reykjavík barnanna)
- Skrifað bréf til sviðstjóra varðandi uppsögn leikskólastjóra.
- Pizzaveisla foreldrafélags 30/05/24
- Sumarhátíð/ afmælishátíð, foreldrafélagið borgaði með í skemmtidagskrá.
- Félagið var í miklu sambandi við stjórnendur varðandi ýmis málefni á liðnum vetri.
- Félagið var einnig mikið í sambandi í gegnum messenger varðandi skipulag.
- Foreldrafélagið var með í afmælisgjöf til Sólborgar ásamt Félagi heyrnarlausra og Foreldra-og styrktarfélagi heyrnardaupra barna.

Mjög ánægjulegum vetri lokið takk fyrir alla þá góðu vinnu sem unninn er á Sólborg.

## **Foreldrasamstarf**





Foreldrasamstarf gekk vel, reglulegir tölvupóstar og deildarstjórar hittu foreldra á morgnanna. Það var haustkynning sem var mjög vel mætt á. Foreldrum var boðið í morgunmat í desember og í vöflukaffi í mars. Foreldrum elstu barna var boðið í bíó apríl og í útskriftarveislu/pálínuboð í maí.

Kennarar elstu barna báðu foreldra um endurmat á útskriftarveislu sem hefð hefur verið síðustu ár. Tveir foreldrar af sextán barna hópi svöruðu. Þetta sýnir í hnotskurn samstarf við foreldra og heimili, hversu einhliða það er.

### **Foreldraviðtöl**

Foreldrar voru mjög ánægðir í foreldraviðtölum, voru ánægð með leikskólann, börnunum líður almennt vel, vel tekið á móti bæði börnum og foreldrum og starfinu var hrósað. Foreldrar mættu vel í foreldraviðtölin.

Gott væri að hafa foreldraviðtölin fyrr, þau voru í maí þetta skólaárið en við teljum að í lok mars sé hennugri tími fyrir foreldraviðtöl. Mikið álag er í maí, það eru skólaskil, börn að útskrifast og of langt liðið á skólaárið.

## **11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

Skipulagsdagar 2024-2025

8. ágúst - hálfur skipulagsdagur, leikskólinn opnar aftur eftir sumarleyfi kl. 12:30

22. ágúst – skipulagsdagur

27. september – skipulagsdagur sameiginlegur í hverfinu

8. janúar – skipulagsdagur

6. febrúar – skipulagsdagur sameiginlegur í hverfinu

5. maí – skipulagsdagur sameiginlegur í hverfinu

8. júlí – hálfur skipulagsdagur, leikskólinn lokar vegna sumarleyfa kl. 12:00



## 12 Fylgiskjöl

### 12.1 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Sólborg hefur yfirfarið innra mat stofa leikskólans og tekur undir markmið fyrir komandi starfsár sem og tillögur að umbótum. Farið var af stað með valkerfi þar sem börnin velja sér mismunandi svæði til þess að leika sér á (Kubbabær, Listabær, Leikbær, Spilabær, Orkubær, Ævintýrabær og Könnunarbær). Valið var vel heppnað að mati Foreldraráðs og var einstaklega gaman fyrir foreldra að koma á kynningu á því starfi og sjá þverfaglega vinnu á milli deilda.

Einnig hefur foreldraráð yfirfarið áætlun Sólborgar um skipulagsdaga og vetrarleyfi og gerir ekki athugasemdir við þá daga sem lagðir eru til.

Við tökum vel á móti nýju stjórnateymi á Sólborg og þökkum Gúðrúnu Jónu fyrir vel uninn störf.

Foreldraráð hlakkar til komandi starfsárs. Þá er starfsfólki leikskólans þakkað fyrir gott starf þennan vetur.

Fyrir hönd Foreldraráðs

Elísabet Hrönn Fjóludóttir – foreldri barns á Víðistofu

Indriði Thoroddsen- foreldri barns á Víðistofu.

### 12.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans Sólborgar

Margrét Gígja Þórðardóttir

27. Júní 2024

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



